

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar 1981, Selvogsgata 1 og Suðurgata 27.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. október 2010 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar 1981 vegna Selvogsgötu 1 og Suðurgötu 27. Breytingin felst í að byggingareitur húsa á þessum lóðum er stækkaður. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 13. desember 2010,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2010